

Miðvikudaginn 20. marz 1935.

Nr. 171/1934. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Óðni Steinólfssyni Geirdal
(Eggert Claessen).

Bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Ytri-Akraneshrepps 10. sept. 1934:
Kærður, Óðinn St. Geirdal, skal greiða 75 króna sekt til rikissjóðs. Ennfremur skal hann sviftur ökuskirteini um sex mánaða tímabil frá uppkvaðningu dóms þessa.

Verði sektin ekki greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa, skal koma í stað sektarinnar 5 daga einfalt fangelsi.

Enfremur greiði kærður allan kostnað við mál þetta og rannsókn þess, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það verður að visu ekki talin ógætni að snúa bifreið á því færi, sem í máli þessu greinir. En kærði virðist ekki hafa framkvæmt snúninginn með þeirri varfærni, sem nauðsynleg var, og stofnaði þannig í hættu farþega þeim, sem með vitund hans og vilja var í bifreiðinni. Með þessu hefir hann gerzt brotlegur við 6. málsgrein 6. gr. bifreiðarlaganna nr. 70/1931 per analogiam. Kærði veitti farþega sínum, sem þekkti kærða og engar kröfur hefir á hendur honum gert, nauðsynlega hjálp, og verður hann því ekki talinn hafa brotið fyrirmæli 9. gr. áðurnefndra laga.

Refsing kærða fyrir framantalið brot þykir, samkvæmt 14. gr. bifreiðarlaganna hæfilega ákveðin 20 króna sekt til rikissjóðs og komi 2 daga einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún verður ekki greidd

innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Óðinn Steinólfsson Geirdal, greiði 20 króna sekt í ríkissjóð, og komi 2 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Eggerts Claesen, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað gegn Óðni Steinólfssyni Geirdal, verzlunarstjóra, Ásbergi á Akranesi, til refsingar fyrir brot á lögum um notkun bifreiða, nr. 70 frá 8. sept. 1931, og málskostnaðargreiðslu.

Atvik málsins eru þau, að kl. 3½ síðdegis mánudaginn 14. maí s. l. ók vöruflutningabifreið M.B. 68, eign Einars Jónssonar, Ásbergi á Akranesi, aftur á bak niður af ca. 6 metra háum moldarbakka rétt við húsið Halakot á Akranesi og niður í fjöru þar fyrir neðan. Við stýri bifreiðarinnar, er hún fór niður bakkann, var kærður Óðinn St. Geirdal, og ennfremur var í stýrishúsinu Þórður Guðmundsson, sjómaður, frá Vegamótum á Akranesi. Þórður hálfrotaðist við fallið, enda er brekkan snarbrött þarna

niður í fjöruna og fjaran grýtt. Samkvæmt álitsgerð tveggja manna, er útnefndir voru af lögreglustjóra 14. maí s. l., til þess að skoða bifreiðina M.B. 68, þar sem hún lá í fjör-
unni, eftir að slysið vildi til, virðist bifreiðin hafa verið í
nothæfu ástandi áður en slysið varð.

Samkvæmt læknisvottorði frá Hallgrími Björnsyni lækni, sem skoðaði Þórð Guðmundsson rétt eftir slysið, hafði Þórður fengið högg aftan á höfuðið og þar af leiðandi heilahristing við það að bifreiðin rann niður brekkuna og niður í fjöru, ennfremur missti Þórður minnið um tíma og var ca. tvær vikur að ná sér aftur.

Kærður tilkynnti lögreglunni á Akranesi alls ekki neitt um slys þetta, heldur fór hann upp í sveit rétt eftir að slysið vildi til. Kærður hjálpaði Þórði Guðmundssyni út úr bifreiðinni og studdi hann heim að Ásbergi, en þaðan gekk Þórður heim til sin einn sins liðs, en sú vegalengd er örstutt.

Af uppdrætti þeim, sem byggingarfulltrúinn, Sigurður Gislason á Akranesi, hefir gert af staðnum, þar sem slysið varð, og sem dómari hefir útvegað og lagt fram í mál-
inu, sést það, að 10 metra fjarlægð er frá húsum ofan vegarins við Halakot og að Bakkabrún, en frá brúninni eru síðan 5,5 metrar í áttina að sjó, sem hallar nokkuð, en ekki mikið. Á þessu svæði ætlaði kærður að snúa bifreið-
inni þannig, að framendi bifreiðarinnar snéri upp að göt-
unni, en afturhlutinn fram að bakkanum. Virðist vera hægt að snúa bifreið á þessu svæði með nokkurri aðgæslu, en kærður er nýlega búinn að fá ökuskirteini og lítt æfð-
ur bifreiðarstjóri og því nokkuð djarft af honum að snúa bifreiðinni á þessum stað. Auk þess bar honum að fara gætilega að, og nota hemlur strax er hann sá að hann var kominn að brekkunni, en það virðist hann ekki hafa gert nógu snemma. Með þessari vanrækslu þykir kærður hafa brotið gegn 15. gr. 1. mgr. sbr. 6. gr. 6. mgr. laga nr. 70 frá 8. sept. 1931. Ennfremur hefir kærður, með því að fara burt úr kaupúninu þegar, eftir að slysið vildi til og vanrækja að gera lögreglunni aðvart um slysið, brotið gegn 9. gr. 2. mgr. sömu laga. Þykir refsing hans fyrir þessi brot hæfilega ákveðin 75 króna sekt til ríkissjóðs, og ennfremur skal hann sviftur ökuleyfi um sex mánaða tíma frá uppkvaðningu dóms þessa. Svo greiði kærður einnig allan

kostnað við mál þetta og við rannsókn þess, sem orðinn er og verður.

Þórður Guðmundsson hefir engar kröfur gert í málinu um skaðabætur fyrir meiðsli þau, er hann hlaut við slysið.

Á málinu hefir ekki orðið óþarfur dráttur.

Mánudaginn 25. marz 1935.

Nr. 39/1934. Lárus Fjeldsted f. h. W. Olsen

(Th. B. Lindal)

gegn

A. C. Höjer (Stefán Jóh. Stefánsson).

Áfrýjun til staðfestingar og setningar aðfarar-
ákvæðis.

Dómur gestaréttar Árnessýslu 2. sept. 1933: Stefnur, A. C. Höyer, í Hveradölum, greiði stefnanda, Lárusi Fjeldsted hrjmflm., f. h. W. Olsen, 141 kr. 90 a. með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1932 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi að því er snertir ákvæði hans um greiðslu hinnar umstefndu upphæðar og vaxta, en að dómnum verði breytt að því leyti, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og að aðfarar-ákvæði verði sett í dóminn. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar í hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar í hæstarétti eða til vara að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Enda þótt stefndi hefði nokkra ástæðu til þess að láta koma til höfðunar máls þessa í héraði, voru